

Jafnlaunastefna Hvalfjarðarsveitar

Jafnlaunastefna þessi tekur til Hvalfjarðarsveitar sem sameiginlegs vinnustaðar alls starfsfólks sveitarfélagsins og kveður á um markmið og árangri til að tryggja starfsfólki hennar þau réttindi sem kveður á um í 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Hvalfjarðarsveitar.

Hvalfjarðarsveit greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og taka þau mið af þeim kröfum sem störf gera um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kröfu starfa, studdar rökum og tryggi að einstaklingum séu greidd jöfn laun og þeir njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Frávik þurfa því að vera á málefnalegum forsendum og skýranleg með vísan til forsenda launaákvörðunar.

Jafnlaunastefna er hluti af jafnréttisáætlun Hvalfjarðarsveitar þar sem sérstaklega eru settar fram aðgerðir til að tryggja launajafnrétti. Þar segir að við ákvörðun launa skuli þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Einstaklingar skuli fá greitt fyrir störf sín óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Til að fylgja eftir jafnlaunastefnu Hvalfjarðarsveitar skuldbindur hún sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfu jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast vottun í samræmi við lög 56/2017 um jafnlaunavottun
- Framkvæma árlega launagreiningu innan sveitarfélagsins
- Bregðast við óútskýrðum launamuni, sé hann til staðar, með viðeigandi leiðréttingum og úrbótum, stöðugum umbótum og eftirliti.
- Árlega skal fara fram innri úttekt og rýni stjórnenda
- Fylgja lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega af yfirstjórn að þeim sé hlýtt.
- Kynna árlega niðurstöður launagreiningar og jafnlaunastefnu fyrir starfsmönnum Hvalfjarðarsveitar.

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 23.08.2023